

Dómsorð:

Ákærði, Sigvaldi Jónsson, sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði greiði Landsbanka Íslands 332.000 kr. ásamt 4.5% mánaðarvöxtum frá 31. des. 1979 til greiðsludags, allt að frádrægnum 15.500 kr.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.

Föstudaginn 13. febrúar 1981.

Nr. 43/1981. **Ákærvaldið**
 gegn
Runólfi Þór Jónssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramennir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. febrúar 1981, sem barst Hæstarétti 10. s. m. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

7. febrúar 1981.

Ár 1981, laugardaginn 7. febrúar, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, er háð var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

1. Þann 16. janúar sl. voru handteknir hér í borg þeir Bjarni Harðarson, fæddur 17. febrúar 1957, og Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958, en þeir eru grunaðir um innflutning og dreifingu fíkniefna hérlandis. Nefndur Pétur var sama dag og hér í dómi úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 30 dögum, en nefndur Bjarni var daginn eftir úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 20 dögum.

Ofangreindir aðiljar, Pétur og Bjarni, reka umboðsskrifstofu fyrir hljómsveitir og aðra skemmtikrafta í einu herbergi á heimili Bjarna að Hverfisgötu 106 A hér í borg. Við húsleit, sem fram fór í íbúð nefnds Bjarna í framhaldi af ofangreindri handtöku, fundust fíkniefni og tæki tengd meðferð slíkra, svo sem lítillæði af amfetamíndufti ætluðu og ætluð hassolía, vegin í umbúðum, nánar plastappa, 2.7 gr. Nefndur Bjarni, er viðstaddur var húsleit, kvaðst eigandi ofangreindra efna og gaf þá skýringu á hassolíunni, að hann hefði keypt hana af félaganum Pétri á nefndri umboðsskrifstofu kvöldið áður, en kvaðst ekki vita, hvaðan Pétur hefði fengið hassolíuna.

Þá fundust í nefndri íbúð, og nánar í geymsluherbergi innan af skrifstofu umboðsfyrirtækis, fíkniefni, nánar:

- a) Ætluð hassolía í 6 stk. plasttöppum, vegin í umbúðum alls 14.1 gr.
- b) Ætluð hassolía í umbúðaplasi, glæru, vegin í umbúðum alls 1.9 gr.

Ofangreindur Bjarni neitaði að hafa haft vitneskju um ofangreinda hassolíu, er um getur í liðum a og b hér að ofan. Við frekari leit í nefndri skrifstofu fannst meira magn svonefnds amfetamíndufts, er nefndur Bjarni kannaðist ekki við að eiga.

Ofangreindur Bjarni afneitaði að hafa haft afskipti af dreifingu fíkniefna í fyrstu, en tók síðar að lýsa verulegum innflutningi slíkra í félagi við nefndan Pétur. Er líða tók að lokum afmarkaðs gæsluvarðhaldstíma nefnds Bjarna, breytti hann verulega framburði sínum og lýsti hér í dómi og hjá lögreglu 5. þ. m. stórfelldri dreifingu sinni á fíkniefnum og móttöku sinni á slíkum frá nafngreindum aðiljum.

Nefndur Bjarni kvaðst í september sl. hafa keypt hassolíu af Runólfi Þór Jónssyni og aðdragandi að þeim viðskiptum verið sá, að nefndur Runólfur hafi boðið sér hassolíuna til kaups. Kvaðst Bjarni hafa móttengið alls 30 gr af hassolíu frá Runólfi. Hafi tvær afhendingar farið fram á heimili sínu, en ein á vinnustað Bjarna,

náanar í versluninni Tónkvísl. Hafi Runólfur afhent sér 10 gr í hverri afhendingu og hassolían verið í getnaðarverjum. Bjarni kvað skilaverð til Runólfs hafa verið gkr. 25.000 fyrir hvert gramm, en sjálfur hafa endurselt hvert gramm á gkr. 30.000 og að mestu tveimur nafngreindum aðiljum, er nú sæta hér gæsluvarðhaldi vegna viðameira fíkniefnamisferlis, er tengist rannsókn þessari.

Við nefnda yfirheyrslu hér í dómi lýsti nefndur Bjarni einnig því yfir, að hann vissi, að hassolía sú, er fannst við húsleit á heimili sínu, eins og áður er rakið, og Pétur áðurnefndur eigi, sé kominn frá nefndum Runólfi Þór, er hafi flutt hassolíuna hingað til lands í getnaðarverjum, er hann hafi gleypst fyrir brottför hingað til lands. Kvaðst hann vita til, að Runólfur hefði á sl. ári farið þrjár slíkar innflutningsferðir. Nefndur Bjarni kvaðst ekki reiðubúinn að skrifa undir framburð síðastnefnt varðandi af ótta við nefndan Runólf.

Ofangreindur Pétur Blöndal Gíslason, er sætir gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa, hefur stöðugt haldið fram sakleysi sínu og neitar að hafa haft nokkur afskipti af fíkniefnum. Hann neitar að hafa haft nokkra vitneskju um þau fíkniefni, er fundust á heimili margnefnds Bjarna og umboðsskrifstofu, en kvaðst þó ekki telja aðra koma til greina en þá tvo þau varðandi. Í tékkhefti, er fannst í vörslum Péturs við handtöku þann 16. janúar sl., en heftið er á Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibú, Reykjavík, þá má sjá á yfirliti yfir fjármagnshreyfingar, er ritaðar eru af Pétri, fremst í tékkheftinu, að þann 14. janúar sl. hafi hann lánað „Runna“ nýkr. 1.225 og sama dag innborgun frá „Runna“ sama upphæð. Tékki sá, sem ofangreint lán var veitt með, er samkv. yfirliti ofangreindu nr. 133681. Margnefndur Runólfur Þór Jónsson er af kunningjum vanalega kallaður Runni, en nefndur Pétur og Runólfur hafa um árabil umgengist mikið og taldir góðir kunningjar.

2. Fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík hafa ítrekað borist ábendingar um ætlað fíkniefnamisferli Runólfs Þórs Jónssonar og tíðar utanferðir hans í því sambandi.

Samkvæmt upplýsingum, er bárust lögreglu 23. ágúst sl., kom nefndur Runólfur hingað til lands 18. ágúst sl. og Runólfur þá skömmu áður haldið utan til fíkniefnakaupa og þá áformað að smygla fíkniefnum hingað til lands með því að gleypa þau.

Samkvæmt upplýsingum tollgæslu á Keflavíkurflugvelli kom nefndur Runólfur enn flugleiðis hingað til lands 29. ágúst sl.,

og var þá leitað á honum án árangurs að fíkniefnum. Þá kom nefndur Runólfur enn hingað til lands flugleiðis 1. eða 2. nóvember sl. og þá enn leitað fíkniefna á Runólfi án árangurs, en tollgæsla býr ekki yfir tækjum eða tiltækum ráðum til leitar fíkniefna, er leynt er í meltingarvegi.

3. Þann 7. janúar sl. var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík Sigurbjörn Sigurbjörnsson, fæddur 3. nóvember 1958, og lýsti hann þá ítarlega fíkniefnaviðskiptum sínum við ofangreindan Pétur Blöndal Gíslason, er hann kvað standa í umfangsmikilli dreifingu fíkniefna hérlandis ásamt nefndum Bjarna Harðarsyni. Kvað hann þar bæði vera um að ræða kannabísefni og svonefnt speed eða amfetamínduft. Lýsti hann margítrekuðum kaupum sínum á fíkniefnum af nefndum Pétri og nú síðast í desember sl. Lýsti nefndur Sigurbjörn og nafngreindi ýmsa aðilja, er hann kvað tengjast fíkniefnadeifingu nefnds Péturs. Hefur framburður nefnds Sigurbjörns reynst trúverðugur og í ýmsum atriðum staðfestur af nefndum Bjarna Harðarsyni. Nefndur Sigurbjörn kvað margnefndan Pétur Blöndal eiga samskipti með fíkniefni við forráðamenn pizzuveitingastaðar við Grensásveg hér í borg, en stað þeim veitir forstöðu Ólafur Þór Jónsson, sem margítrekað hefur komið við sögu í fíkniefnaviðskiptum hér áður fyrr, en hans nánasti samstarfsmaður við pizzuframleiðsluna er ofangreindur Runólfur Þór Jónsson. Samkvæmt gögnum fíkniefnadeildar starfa við nefnt pizzufyrirtæki nokkrir gamalreyndir fíkniefnamenn, sem ekki þykir ástæða til að nafngreina í þessu sambandi.

Nefndur Sigurbjörn kvaðst um mánaðamót nóv.-des. sl. hafa farið með Pétri Blöndal á nefndan pizzuveitingastað og þar verið fyrir einhverjir eigendur staðarins og þeir verið við hassneyslu. Jafnframt hafi nefndur Pétur haft meðferðis hassmola, er farið hafi til sameiginlegrar neyslu á staðnum. Hafi nefndur Pétur átt einslega viðræður við einn ofangreindra aðilja. Sigurbjörn kvaðst síðar hafa haldið ásamt Pétri á heimili hans við Drekvog og Pétur þá dregið upp hvítt duft, er hann hafi sagt vera cocain, og þeir haft til neyslu á staðnum. Kvaðst Sigurbjörn telja, að Pétur hefði fengið nefnt efni hjá ofangreindum aðilja á pizzuveitingastað við Grensásveg.

4. Ofangreindur Runólfur Þór Jónsson, fæddur 13. apríl 1956, til heimilis að Eiríksgötu 13 hér í borg, var handtekinn sl. fimmtudag kl. 1515 á vinnustað, nánar pizzugerðinni Pitzano, sem er til húsa að Grensásvegi 7 hér í borg, og virtist hann undir áhrifum

áfengis. Við yfirheyrslu hjá fíkniefnadeild Reykjavíkurlögreglu neitaði Runólfur öllum fíkniefnaafskiptum.

Aðspurður um utanlandsferðir sínar á árinu 1980 og þessu ári þá kvað hann þær 5—6, en þær með engu móti tengdar fíkniefnaviðskiptum og þær kostaðar af uppsöfnuðu fé, er hann upphaflega hafi ætlað til annarra nota. Að lokinni yfirheyrslu var nefndur Runólfur færður í fangageymslu, og er leita átti á honum, stakk hann upp í sig og gleypti lítinn mola, er starfsmenn fíkniefnadeildar telja skv. útliti hafa verið hassefni. Nefndur Runólfur var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild í gær og bar á sama veg. Að lokinni yfirheyrslu hér í dómi sama dag fór Runólfur Þór ásamt lögreglumönnum á heimili sitt að Eiríksgötu 13, en hann hafði heimilað þar leit að sakargögnum. Í skýrslu lögreglu kemur fram, að þeim hafi virst á ummerkjum í íbúð Runólfs, að þar hafi verið leitað, áður en þeir komu þangað. Í nefndri íbúð fundust ætluð fíkniefni og hlutir tengdir notkun slíkra og nánar sem hér segir:

- 1) 1 gr kannabisfræ, ætluð, í eldspýtustokk.
- 2) Heimavafinn vindlingur með ætluðum hassleifum.
- 3) Silfurdós með ætluðum kannabisleifum, er gáfu jákvæða svörun fyrir kannabis við prófun.

Við yfirheyrslu hér í dómi í gær bar nefndur Runólfur á sama veg og hjá lögreglu, neitaði öllum fíkniefnaviðskiptum og kvaðst sl. ár hafa farið 5 sinnum erlendis, oftast til Kaupmannahafnar, en þess utan ferðast um alla Evrópu. Í nýlegu vegabréfi Runólfs, útgefnu 24. nóv. 1980, er fannst við nefnda húsleit, kemur fram, að Runólfur fór til New York 2. des. sl.

NIÐURSTÖÐUR.

Samkvæmt ofansögðu er nefndur Runólfur borinn sökum um innflutning og dreifingu fíkniefna, en hann neitar sökum. Á heimili hans fundust leifar kannabis, ætlaðra, og grunur leikur á, að Runólfur hafi eftir handtöku gleypt ætlaðan hassmola, og ýmislegt bendir til þess, að samband sé á milli Runólfs og fíkniefnaviðskipta aðilja, er koma við sögu í rannsókn þessari. Þá þykja tíðar utanferðir Runólfs grunsamlegar. Runólfur hefur margitrikað komið við sögu sem innflytjandi og sölumaður verulegs magns fíkniefna hérlandis. Ljóst er, að rannsókn á ætluðu fíkniefnamisferli Runólfs er á algeru frumstigi, og eftir er að yfirheyra ýmsa aðilja vegna þessa. Þá þykir samprófun við Bjarna Harðarson ekki tímabær. Þykir því nauðsynlegt í þágu rann-

sóknar máls þessa að tryggja, að Runólfur nái ekki að tefja eða torvela rannsókn, og er af hálfu lögregluyfirvalda í Reykjavík krafist gæsluvarðhalds yfir honum í þágu rannsóknarinnar.

Verið er að rannsaka ætluð brot Runólfs Þórs gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, og getur því sök, ef sönnuð þykir, varðað fangelsisrefsingu. Þykja þannig ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds.

Að ofanskráðu athuguðu og virtu og með vísan til 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar þessarar nauðsyn til bera að gera nefndum Runólfi Þór að sæta gæsluvarðhaldi, er telst hæfilega afmarkað sem allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Runólfur Þór Jónsson, fæddur 13. apríl 1956 í Reykjavík, til heimilis að Eiríksgötu 13, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

Miðvikudaginn 18. febrúar 1981.

Nr. 110/1980. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)

gegn

Hermanni Bridde

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Ákæra fyrir verðlagsbrot. Fyrning sakar. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einars-son og Sigurgeir Jónsson.

Ákærði var sakaður um verðlagsbrot með kæru verðlags- stjóra til verðlagsdóms Reykjavíkur 12. desember 1974. Mál- ið var tekið til rannsóknar í verðlagsdómi 18. s. m., og var